



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um öryggismál**

Á fundi borgarráðs, 2. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig öryggismálum er háttað í leik- og grunnskólum og íþrótta- og tómstundastarfi á vegum borgarinnar, t.d. verklagi ef vá stendur fyrir dyrum. Hér er t.d. átt við ef fram kemur ógn eða hótun um að skaða börn og starfsmenn.*

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs og menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs. Í meðfylgjandi svari er leitast við að svara því sem snýr að skóla- og frístundasviði.

#### **Svar:**

Í grunnskólum er unnið samkvæmt [Leiðbeiningum um viðbrögð í neyðartilvikum](#) sem unnar voru af Ríkislögreglustjóra og mennta- og menningarmálaráðuneytinu og uppfærðar síðast árið 2021. Þar er meðal annars fjallað sérstaklega um hótanir um ofbeldi eða annars konar ofbeldishegðun.

Upplýsingar um öryggisáætlun eiga að vera í starfsáætlunum grunnskóla. Starfsáætlanir grunnskóla eru yfirfarnar árlega af fagstjórum grunnskóla í miðstöðvum og m.a. kannað hvort að öryggisáætlun sé til staðar. Öryggisáætlanir eru unnar með [Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum](#) að leiðarljósi. Ef slík áætlun eru ekki til staðar er gerð athugasemd við starfsáætlunina og viðeigandi umbótum fylgt eftir.

Eins vinna leikskólar eftir [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#) sem gefin var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og síðast uppfærð í maí 2021.

Ef upp koma alvarleg hegðunarfrávik eða óviðeigandi hegðun í frístundastarfi ber starfsfólki að fara eftir verklagsreglum [félagsmiðstöðva](#) og [frístundaheimila](#) sem og [Leiðbeiningum fyrir starfsfólk félagsmiðstöðva um um viðbrögð við óviðeigandi hegðun og neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna](#). Í öryggisverkferlum í starfi félagsmiðstöðva skóla- og frístundasviðs er ítarlega farið yfir hvernig starfsfólki ber að bregðast við ef upp koma alvarleg atvik, meðal annars í verkferlinum „Alvarleg hegðunarfrávik“, sem getur átt við ef um ógnandi hegðun eða hótanir er að ræða.

Leikskólar, grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitir vinna eftir ferlinum [Viðbrögð við meintri óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarstarfi](#). Þar er meðal annars farið yfir hvernig starfsfólki beri að bregðast við ef barn verður fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi.